

5. FUNDARGERÐ - STJÓRNARFUNDUR FÍN 2023-2024

15. MAÍ 2023, KL. 11:15-12:45 – FJARFUNDUR

MÆTT VORU:

Anna Berg Samúelsdóttir, Berglind Sigurðardóttir, Björg Helgadóttir, Guðrún Nína Petersen, Jón Már Halldórsson, Kristín Hermannsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Marianna H. Helgadóttir, Sigvaldi Thordarson, Stefán Már Stefánsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Torfi Geir Hilmarsson, Una Bjarnadóttir, Unnur Magnúsdóttir og Þorkell Heiðarsson.

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

FUNDARGERÐ:

Formaður setti fund kl. 11:16.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Skipting verka í framkvæmdastjórn – Til upplýsingar

MHH kynnti. Framkvæmdastjórn hefur skipt með sér verkum þannig að Stella Hrönn Jóhannsdóttir er ritari, Margrét Geirsdóttir er gjaldkeri og Guðrún Nína Pedersen er meðstjórnandi.

3. Kosning varamanns formanns í formannaráð BHM

Marianna H. Helgadóttir, formaður FÍN er aðalmaður í formannaráði BHM. MHH lagði til að Guðrún Nína Pedersen verði varamaður hennar í formannaráði BHM.

Afgreiðsla: Samþykkt.

4. Kosning í stjórn Vísindasjóðs FÍN

MHH lagði til eftirfarandi skipan í stjórn Vísindasjóðs:

- Stjórnarmaður sem starfar hjá Reykjavíkurborg sem ekki er í framkvæmdastjórn:
 - **Svava S. Steinarsdóttir, formaður**
- Stjórnarmaður sem starfar hjá sveitarfélagi og er ekki í framkvæmdastjórn:
 - **Lilja Grétarsdóttir, varaformaður**
- Stjórnarmaður sem starfar hjá almenna markaðinum og er ekki í framkvæmdastjórn:
 - **Björg Helgadóttir eða Kristín Hermannsdóttir**

- Stjórnarmaður sem greiðir í Vísindasjóð:
 - **Stefán Már Stefánsson**
- Stjórnarmaður sem greiðir ekki í Vísindasjóð (fulltrúi stjórnar):
 - **Torfi Geir Hilmarsson**

Umræður.

Afgreiðsla: Samþykkt.

5. Nýir félagsmenn

MHH kynnti. Níu einstaklingar sóttu um fulla aðild og 2 um nemaaðild. Allir umsækjendur uppfylla skilyrði um aðild að félaginu.

Afgreiðsla: Samþykkt.

6. Erindisbréf stjórnar FÍN, tilkynning um stjórnarsetu og aðrar verklagsreglur

Afgreiðsla: Samþykkt með þeim breytingum sem formaður lagði til til samræmis við raunverulega framkvæmd sem formaður lagði til.

7. Rekstraráætlun FÍN 2023/Endurskoðunarskýrsla EY

a) Endurskoðunarskýrsla EY:

Með breyttu verklagi við yfirferð reikninga hefur verið brugðist við ábendingum sem fram komu í endurskoðunarskýrslu EY.

b) Rekstraráætlun FÍN 2023:

i) MHH fór yfir rekstraráætlun FÍN fyrir árið 2023 til samþykktar stjórnar.

Afgreiðsla: Samþykkt.

ii) Í rekstraráætlun FÍN 2023 er ekki gert ráð fyrir uppfærslu á vef FÍN, en nauðsynlegt er að ráðast í þá vinnu. Lagt er til að fjármagn verði sett í andlitslyftingu á vef FÍN og að formanni verði falið að leita tilboða.

Afgreiðsla: Samþykkt.

8. Staða kjarasamninga – Til upplýsinga.

MHH vék af fundi kl. 12:10. ÞH tók við fundarstjórn.

FÍN hefur skrifað undir kjarasamninga við ríki og Reykjavíkurborg. Samningaviðræður eru enn í gangi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Næsti samningafundur er í dag kl. 14:00.

9. Sameining stéttarféлага og samvinna/þjónustuskrifstofur

MHH kom inn á fundinn kl. 12:23 og tók aftur við fundarstjórn.

Formaður óskar eftir vilyrði stjórnar fyrir áframhaldandi viðræðum með það að markmiði að finna mögulegan flöt á samstarfi/sameiningum sem þjónar hagsmunum FÍN.

Umræður.

JH vék af fundi kl. 12:33.

BH vék af fundi 12:36.

Afgreiðsla: Samþykkt.

10. Önnur mál

a) Fundargerðir framkvæmdastjórnar

MHH mun setja fundargerðir framkvæmdastjórnar inn á svæði stjórnar eftir að framkvæmdastjórn hefur samþykkt þær.

b) Tillaga að næsta stjórnarfund:

5. júní kl. 11:15-12:45 – Staðfundur

c) SSS upplýsti að útgreiðsla launa eftir nýundirrituðum kjarasamningi FÍN við Reykjavíkurborg hafi gengið illa. Öll málin eru komin í feril hjá mannauðsstjórn. SSS falið að taka stöðuna um næstu mánaðamót svo FÍN geti gripið inn í ef þarf.

d) KH upplýsti að búið er að skrifa undir nýja stofnanasamninga hjá Rannís og launaútgreiðsla gengið vel. Þó eru umræður um greiðslu orlofs á fasta yfirvinnu. ÖP hefur verið beðinn um að kíkja á málið fyrir viðkomandi.

MG vék af fundi 12:45.

e) Fyrirspurn um önnur laun C. Önnur laun C eru greidd til þeirra sem uppbót á laun þeirra sem voru í C-störfum við vörpum í starfsmat. Önnur laun C voru felld inn í grunnlaun í síðustu samningum.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 12:48